

Fundargerð 15. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: stofa 138, VRÍI, HÍ.

Tími: 3. júní 2014 kl. 09:00

Viðstaddir: Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Gunnar Steinn Jónsson (GSJ), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), og María Jóna Gunnarsdóttir (MJG).
Fjarverandi: Sigurbjörn Búi Sigurðsson (SBS))

Dagskrá:

1. Fundargerð aðalfundar 2014
 2. Fundargerð 14. stjórnarfundar.
 3. Verkaskipting stjórnar
 4. Verk stjórnar 2013-2014
 5. Önnur mál
-

1. Fundargerð aðalfundar 2014

Fundargerð aðalfundar 8. Apríl 2014 var samþykkt með minniháttar breytingum.

2. Fundargerð 14. stjórnarfundar

Fundargerð 14. Stjórnarfundar VAFRÍ 25. mars 2014 var samþykkt með minniháttar breytingum.

3. Verkaskipting stjórnar

Þessum lið var frestað þangað til í ágúst, þegar allir stjórnarmeðlimir komast

4. Verk stjórnar 2013-2014

Eftirfarandi hugmyndir voru ræddar um verk fyrir næsta starfsár.

- (1) Heilsdags vísindaferð til Suðurlands í September eða byrjun október. Heimsækja Verkfræðistofu til að fræðast um nýtt skólphreinsivirki, heimsækja heilbrigðiseftirlit, MAST, skólphreinsun MS og fleira.

- (2) Málstofa sem kemur inná hvernig eigi að vernda náttúruperlur frá skólpmengun frá dreifbýli og ferðaiðnaði. Reglugerðir kveða á um “frekari skólphreinsun” en ekki er til hentug tæknilausn fyrir litlar einingar. Hugmyndir að erindum voru m.a. Árni Einarsson (kúluskítur í Mývatni), GSJ (mat á Þingvallavatni), Börkur (Mat sveitarfélaga á Suðurlandi), MJG (örverumengun).
- (3) Samvinna með Orkuveitu Reykjavíkur í væntanlegri herferð “Hverju ertu að sturta niður í fráveitukerfi?”
- (4) Ráðstefna og nendarskipun um úrvinnslu á úrkomumælingum og gerð hönnunargagna (sjá lið nr. 3 í 14. Stjórnarfundargerð)
- (5) Vísindaferð til Noregs, í samvinnu við Svein Torfa.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd

Fundi var lokið um kl.10:05

Næsti fundur var ákveðinn um miðjan ágúst.

Fundarritari: Hrund Ólöf Andradóttir, hrund@hi.is